

VIL GEFA SKÚLPTÚRNUM HREYFINGU OG SJÁLFSTÆTT LÍF

Rætt við Helga Gíslason myndhöggvara

„Ég vil í verkum mínum gefa skúlptúrnum hreyfingu, sitt sjálfstæða líf, sem byggir á hinum formrænu og tilfinningalegu tengslum við manninn og verk hans, en skilur sig frá hinum ytri raunveruleika, því þekkjanlega og nærtæka.“ Þannig kemst Helgi Gíslason myndhöggvari að orði í sýningarskrá er hann lét gera í tilefni einkasýningar sinnar á Kjarvalsstöðum á síðastliðnu ári.


Texti: Hildur Einarsdóttir


Hann heldur áfram að spinna við þessar hugleiðingar sínar þar sem við sitjum í vinnustofu hans í Vogarselinu og tölum um verk hans.

„Form og efni eru órjúfanleg í höggmyndinni,“ segir hann. „Eftir að ég fór að vinna myndir mínar í brons, en ég hafði unnið í steinsteypu áður, þá breyttust myndirnar að inntaki. Þær urðu margræðari og myndhugsun mín opnaðist. Bronsið er líka athyglisvert efni að því leyti að það ber í sér andstæður sínar það er í senn mjúkt og sveigjanlegt, en hefur þó hörku málmsins, er létt í umfangi sínu en þungt í eðli sínu. Svo á þetta efni sína sögu “tradition“ og það gefur því líka gildi.“

Þannig talar Helgi um höggmyndir sínar, sem umkringja hann þöglar en segja samt sögu af innra lífi þar sem að andstæðurnar togast á líkt og í efninu sjálfu. Þær lýsa léttleika og iðandi lífi og það er jafnvel eins og sumar þeirra vilji hoppa af stallinum, sem þær standa á. Aðrar tjá tómleika og vonleysi.

„Ég hef áhuga á manninum, hann er lífið sjálft,“ segir Helgi, þegar blaðamaður imprar á þessum hugsunum sínum. „Ég reyni að túlka hinar mannlegu tilfinningar





Ljósm. Árni Sæberg.